

Dóm þennan kváðu upp Valdimar Stefánsson sakadómari og meðdómendurnir Jónas Jónasson og Pétur Björnsson, skipstjórar.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Kristján Kristjánsson, greiði kr. 74.000,00 í sekt til Landhelgisjórðs Íslands, og komi varðhald í 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, togarans Skúla Magnússonar, RE. 202, skulu vera upptæk til handa Landhelgisjórði Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlauð verjanda síns, Guttorms Erlendssonar hrl., kr. 800,00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 26. nóvember 1954.

Nr. 179/1953. Ákæruvaldið
gegn
Jóni Finnbogasyni.

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Ólafur Jóhannesson.

Öflun nýrra gagna.

Úrskurður Hæstaréttar.

Rannsókn máls þessa er í mörgum greinum áfátt. Ber því nauðsyn til að leita frekari skýrslna um það, áður en dómur verður á það lagður í Hæstarétti.

1) Leiða þarf í ljós efnahag Birnu Löwdals á þeim tíma, sem hún samþykkti víxil þann, sem í máli þessu greinir, hverjar skuldir hvíldu þá á henni og hvernig henni gekk að inna þær af hendi.

2) Birna Löwdal skal spurð um aðdraganda að því, að hún hugðist selja víxilinn, hvernig hún ætlaði að verja víxilfénu, hvort hún þurfti að greiða aðkallandi skuldir, og ef svo var, þá hverjum lánardrottnum, og hvernig fór um greiðslu slíkra

skulda, ef til voru. Birna skal enn spurð, hvernig skipti hennar og ákærða hófust og hvers vegna hún leitaði til ákærða um sölu víxilsins, hvers vegna hún seldi víxilinn eigi í banka og hvort það sé rétt, að hún ætlaði að láta sér nægja kr. 23.000,00 fyrir hann. Hún skal innt eftir því, hvers vegna hún dró um nokkurn tíma að leita réttar síns á hendur ákærða. Hún skal spurð, hvort hún hafi borið vandkvæði sín út af víxlinum upp við nokkra menn, áður en hún leitaði til lögfræðings þess, sem kærði málið af hennar hendi, og ef svo var, þá hvað hún hafi tjáð þeim mönnum.

3) Menn, sem Birna Löwdal kann að hafa borið sig upp við, skulu látnir gefa skýrslu um frásögn hennar af máls-efni, ef til þeirra næst.

4) Útgefandi víxilsins skal spurður um það, hvaða skýrslu Birna Löwdal hafi gefið honum um það, til hvers víxilféð átti að renna, hvort hún hugðist greiða skuldir með því, og ef svo var, þá hverjar, hvort hún kvartaði við hann undan viðskiptum við ákærða, og ef svo var, þá hvað hún sagði honum um þau skipti.

5) Ákærði skal rækilega um það spurður, hvernig hann varði því fé, sem hann fékk fyrir víxilinn, hvernig hann aflaði fjár síðar til að greiða Birnu Löwdal og hvar og hvenær hann innti greiðslur af hendi til hennar. Hann skal og spurður, hvort hann notaði bankaávisanabók í þeim eða öðrum viðskiptum.

6) Leitað skal vitneskju um fjáreyðslu ákærða á þeim tíma, er hér skiptir máli, hvort hann losaði sig þá úr skuldum o. fl.

Héraðsdómara ber að prófa mál þetta af nýju og afla framangreindra skýrslna svo og annarra þeirra skýrslna, er hin nýja prófun veitir efni til.

Ályktarorð:

Héraðsdómara ber að framkvæma rannsókn þá, sem að ofan greinir.
